



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

8. árg. 3. tölublað. Mars 2014.

EFNI:

Áfengisneysla bls.
Íslendinga og áhrif 1
hennar á annan en
neytandann

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

ÁFENGISNEYSLA ÍSLENDINGA OG ÁHRIF HENNAR Á ANNAN EN NEYTANDANN

Í nóvember og desember 2013 fól Embætti landlæknis fyrirtækinu Capacent að gera könnun á neyslu áfengis og neikvæðum áhrifum sem hún kann að hafa á annan en neytandann. Samskonar kannanir voru framkvæmdar af Gallup fyrir Áfengis- og vímuvarnaráð árið 2001 og fyrir Lýðheilsustöð árið 2004. Í þessari grein verða einungis borin saman gögn frá árunum 2001 og 2013. Í úrtakinu 2013 voru alls 2070 einstaklingar frá 18 ára aldri af öllu landinu. Alls svöruðu 1372 spurningalistanum og var svarhlutfall því 66,3%. Í úrtakinu 2001 voru 4000 manns 18 ára og eldri, 2439 svöruðu og var svarhlutfallið því 61% árið 2001. Nánari upplýsingar um þessar kannanir má finna á vef embættisins.

Neysla áfengis og samanburður milli kannana 2001 og 2013

Samkvæmt ofangreindum könnunum frá árunum 2001 og 2013 sögðust um 86% svarenda hafa drukkið a.m.k. eitt glas af áfengi á síðustu 12 mánuðum, en nær enginn munur er á milli kannananna tveggja hvað þetta varðar. Við samanburð á hversu margir neyttu áfengis vikulega eða oftar sést að árið 2001 drakk um fjórðungur svarenda (26%) vikulega eða oftar en tæplega þriðjungur (31%) árið 2013. Karlar og aldurs-
hópurinn 35 til 54 ára eru líklegri en aðrir til þess að drekka a.m.k. einu sinni eða oftar í viku og hefur það ekki


breyst milli kannana. Þegar ölvunardrykkja er skoðuð segja um 31% Íslendinga að einu sinni eða oftar í mánuði drekki þeir fimm eða fleiri drykki við sama tilfelli og er nánast engin breyting á því milli ára 2001 og 2013. Karlar eru tvöfalt líklegri en konur til að stunda ölvunardrykkju og yngri fólk líklegri en þeir sem eldri eru. Þetta á bæði við um árin 2001 og 2013.

Árið 2001 hafði fjórðungur þeirra sem drekka áfengi (24%) drukkið heimagera áfengi á síðastliðnum 12 mánuðum, samanborið við 16,3% árið 2013. Í báðum könnunum var neysla heimatilbúins áfengis algengari meðal karla en kvenna og enn fremur meðal fólks á aldrinum 18 til 34 ára heldur en þeirra sem eldri eru.

Áhrif neyslu áfengis á annan en neytandann

Þátttakendur í könnunum árin 2001 og 2013 svöruðu einnig spurningum um afleiðingar áfengisneyslu annarra á þá sjálfa.

Áreitni eða ónæði á skemmtistað eða einkasamkvæmi



Mynd 1. Hefur það gerst á síðustu 12 mánuðum að þú hafir verið ónáðaður/ónáðuð af drukknnum einstaklingi (eða fleiri) á skemmtistað eða í einkasamkvæmi?

*Karlar eru tvöfalt líklegri en konur til að stunda ölvunar-
drykkju og yngra fólk líklegra en þeir sem eldri eru.*

Árið 2013 sögðu um 47% þátttakenda að einhver í þeirra nánasta umhverfi, fjölskyldumeðlimur, fyrrverandi maki, vinur eða vinnufélagi, hefði drukkið of mikið áfengi einu sinni eða oftar á síðustu 12 mánuðum. Um 60% þeirra sögðu að áfengisneyslan hefði haft neikvæð áhrif á sig. Heldur fleiri konur en karlar sögðust hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna áfengisneyslu í nánasta umhverfi en nánast enginn munur var milli aldurflokka eða búsetu hvað þetta varðaði.

Talsvert mikill munur var á niðurstöðum milli kannananna tveggja þegar spurt var um áreitni á skemmtistöðum. Um 13% þátttakenda árið 2001 höfðu orðið fyrir áreitni eða ónæði af hendi drukkins fólks á skemmtistöðum eða í einkasamkvæmum á síðastliðnum 12 mánuðum, samanborið við 30% árið 2013 (mynd 1). Nánast enginn munur var á milli kynja eða búsetu en hinir yngri höfðu þó frekar orðið fyrir áreitni en þeir sem eldri voru.

Árið 2001 höfðu rúmlega 25% þátttakenda orðið fyrir áreitni eða ónæði af hendi drukkins fólks úti á götu eða almannaþæri á síðastliðnum 12 mánuðum og árið 2013 var hlutfallið nánast eins. Árið 2001 sögðust rúmlega 15% þátttakenda hafa orðið hræddir vegna áfengisneyslu annarra úti á götu eða á almannaþæri á síðastliðnum 12 mánuðum, samanborið við 22% árið 2013. Þá kemur fram í könnuninni 2013 að konur, íbúar höfuðborgarsvæðisins og yngri einstaklingar voru líklegri en aðrir til að hafa orðið hræddir vegna áfengisneyslu annarra á almannaþæri. Það ár svaraði tæplega helmingur 18–24 ára (49%) þessari spurningu játandi.

Sveinbjörn Kristjánsson

Rafn M. Jónsson